



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

266. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 29. september 2022 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

- Fjármál Reykjaneshafnar. (2022010193)**

Hafnarstjóri fór yfir rekstrarstöðu hafnarinnar fyrstu átta mánuði ársins.
- Fjárhagsáætlun ársins 2023. (2022080336)**

Hafnarstjóri kynnti stöðu í vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjaneshafnar fyrir árið 2023.
- Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)**
  - Smábátahöfnin í Grófinni.** Verfundargerð 1 vegna endurbóta á hafnarmynni hafnarinnar vegna skemmda sem urðu í óveðri á fyrri hluta ársins 2020. **Lögð fram til kynningar.**
  - Hafnarhöfn.** Hafnarstjóri fór yfir umsókn Reykjaneshafnar til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um uppbyggingu útsýnispalls á hafnarsvæði Hafnarhafnar.
- Lóðir Reykjaneshafnar. (2020050255)**
  - Hafnarbakki 7.** Fyrir liggur kaupsamningur um lóðina Hafnarbakki 7, fasteinganúmer F233 2383 en Reykjaneshöfn hefur forkaupsrétt á viðkomandi eign. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að nýta viðkomandi forkaupsrétt.* **Samþykkt samhljóða.**
  - Hafnarbraut 4.** Fyrir liggur kaupsamningur um lóðina Hafnarbraut 4, fasteinganúmer F209 3346 en Reykjaneshöfn hefur forkaupsrétt á viðkomandi eign. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að falla frá viðkomandi forkaupsrétt.* **Samþykkt samhljóða.**
  - Afsalsbréf vegna Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík.** Sýslumaðurinn á Suðunesjum hefur haft afsalsbréf vegna Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík til meðferðar og gert kröfu um greiðslu stimpilgjalds. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar mótmælir þeirri ákvörðun Sýslumannsins á Suðunesjum um greiðslu viðkomandi stimpilgjalds og felur hafnarstjóra í samráði við lögmann Reykjanesbæjar að fylgja þeim mótmælum eftir.* **Samþykkt samhljóða.**

**5. Hafnasamband Íslands. (2022021139)**

Fundargerð 445. fundar Hafnasambands Íslands frá 14. júní sl.

**Lögð fram til kynningar.**

**6. Hafnasambandsþing 2022. (2022080337)**

Dagskrá Hafnasambandsþings 2022 sem fram fer 27. og 28. október n.k.

**Lögð fram til kynningar.**

**7. Skemmtiferðaskip. (2022060312)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála í markaðsstefnu Reykjaneshafnar er varðar Keflavíkurhöfn.

**8. Upplýsingargjöf hafnarstjóra. (2022010197)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.**